

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 26. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.


Lánasjóði landbúnaðarins hefur borist frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 215. mál. Í lögum um Lánasjóð landbúnaðarins nr. 68/1997 kemur m.a. fram í 1. gr. að sjóðurinn teljist lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Í sömu grein segir ennfremur að sjóðnum verði ekki gert að starfa í formi hlutafélags.

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar verður ekki annað séð en að Lánasjóður landbúnaðarins falli undir skilgreiningu frumvarpsins á fjármálafyrirtæki (lánafyrirtæki), sbr. 4. gr., 111 gr. og 113 gr.. Í 13. gr. frumvarpsins segir þó að “fjármálafyrirtæki skuli starfa sem hlutafélag”. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir þó að þarna komi fram sú **meginregla** að fjármálafyrirtæki skuli starfa sem hlutafélög. Að öðru leyti er engin skýring gefin á því hvers vegna krafa um hlutafélagsform er svo fortakslaus eins og kemur fram í 13. grein, en hún er mun ákveðnari en í gildandi lögum.

Lánasjóður landbúnaðarins vekur athygli efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á að ýmis fjármálafyrirtæki eru ekki hlutafélög og ekki er útlit fyrir að svo verði. Í ljósi þessa gerir sjóðurinn athugasemd við orðalag 13. grein frumvarpsins og telur að hana beri að orða þannig að öll starfandi fjármálafyrirtæki landsins geti með eðlilegum hætti rúmast innan ramma laga um fjármálafyrirtæki, verði frumvarpið að lögum.

Að öðru leyti gerir Lánasjóður landbúnaðarins ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

F.h. Lánasjóðs landbúnaðarins,



Guðm. Stefánsson.